



Ársskýrsla sviðsstjóra fræðslusviðs 2020



Ársskýrsla sviðsstjóra fræðslusviðs 2020

Reykjanesbær, 16. febrúar 2021

Inngangur

Í eftirfarandi ársskýrslu er stiklað á stóru yfir það helsta sem fram fór á fræðslusviðinu á árinu 2020 og hvernig í grófum dráttum gekk að framfylgja verkefnum sem voru á starfsáætlun ársins. Ársskýrslu sviðsstjóra er ekki ætlað að gera innra starfi einstakra stofnana á fræðslusviði skil en þess má þó geta að árið var afar viðburðaríkt eins og endra nær. Heimsvæðing vegna Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi fræðslusviðsins eins og aðra starfsemi sveitarfélagsins og í raun á líf okkar allra sem á jörðinni búa. Engar lykiltölur eru settar fram í ársskýrslunni aðrar en þær sem koma fram í árangursmælikvörðum sviðsins, en fyrir þau ykkar sem hafið áhuga á því að kynna ykkur frekari lykiltölur í málaflokknum er bent á starfsáætlun sviðsins sem birt er á vef Reykjanesbæjar.

Endurskoðun menntastefnu Reykjanesbæjar hófst á árinu 2020 og verður þeirri vinnu fram haldið á árinu 2021. Þar er meðal annars litið til stefnu Reykjanesbæjar sem samþykkt var í byrjun árs 2020, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og menntastefnu fyrir Ísland til 2030.

Efnisyfirlit

Skóla-, íþróttá- og tómstundastarf í skugga heimsfaraldurs	5
Uppbygging skóla- og íþróttamannvirkja	6
Umfangsmikil umbótaverkefni	7
Stöðumat fyrir erlenda nemendur	7
Milli mála	8
Allir með!	8
PMTO-foreldrafærni	9
Mannauður í öndvegi	9
Nýsköpunar- og þróunarsjóður	10
Fræðsla og endurmenntun	10
Skólaþjónustan	11
Markmið og árangursmælikvarðar	12
Lokaorð	13

Skóla-, íþrótt- og tómstundastarf í skugga heimsfaraldurs

Árið 2020 litaðist óhjákvæmilega af heimsfaraldrinum sem reið yfir og hafði gríðarleg áhrif á líf og störf okkar allra. Allt frá því að sóttvarnalæknir og almannavarnir gáfu það út um miðjan mars mánuð 2020 að komið væri á samkomubann og takmörkun á skólahaldi var öllum ljóst að við ættum krefjandi verkefni fyrir höndum, verkefni öðrum mikilvægari, sem yrði að hafa algjöran forgang. Hlutverk skólanna og okkar allra sem störfum að fræðslumálum var að verja innviði samfélagsins, veita börnum öryggi og menntun og halda þeim í eins mikilli rútinu og mögulegt er. Skemmst er frá því að segja að allir sem einn lögðust á eitt með samstöðu og samhug að leiðarljósi. Nemandinn í brennidepli eða eins og segir í stefnu Reykjanesbæjar: *Börnin mikilvægust*.

Settir voru upp reglulegir fundir með skólastjórnendum, annars vegar í leikskólum og hins vegar í grunnskólum. Stjórnendateymi fræðsluskrifstofu fundaði í upphafi hvers dags og einnig daglega með öllu starfsfólki fræðsluskrifstofunnar. Eitt af því sem stendur upp úr þegar horft er um öxl er jafningjastuðningur sem einkennt hefur allt samstarf milli starfsfólks og starfseininga á fræðsluviði. Það má halda því fram að við höfum að nokkru leyti þróast frá þeirri starfsmenningu að vera við og þið í að vinna betur saman á jafningjagrundvelli, þar sem samvinna, samheldni og gagnkvæm virðing hefur aukist.

Aðdáunarvert var að fylgjast með því hvernig stjórnendur og starfsfólk stofnana fræðslusviðs, leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, félagsmiðstöðvar og íþrótt- og tómstundafélaga lögðust á eitt, breyttu starfsemi sinni með litlum sem engum fyrirvara, tileinkuðu sér og nýttu nýjar tæknilausnir og buðu upp á innihaldsríkt nám og leik fyrir börnin okkar.

Búið var að innleiða Workplace í öllum stofnunum sveitarfélagsins áður en heimsfaraldurinn reið yfir og er óhætt að segja að það hafi komið sér vel. Fleiri fjölbreyttar fjarlausnir voru innleiddar og fóru flestir fundir til að mynda fram í gegnum tæknilausnir á borð við Teams, Zoom og Google Meet.

Við höfum lært að fjarfundarfyrirkomulagið hentar misvel í mismunandi aðstæðum, en þó að það henti ekki í öllum samskiptum þá hentar það vel í mörgum tilfellum og býður jafnframt upp á marga spennandi kosti. Við höfum til að mynda séð að tíðari og styttri fundir með fjarfundarfyrirkomulagi geta í einhverjum tilfellum verið hnitmiðaðri og skilvirkari. Það hefur einnig að sjálfsögðu mjög jákvæð áhrif á kolefnissporið og getur dregið úr sóun á bæði tíma og orku. Ljóst þykir að fjarfundarfyrirkomulagið muni verða nýtt í mun meira mæli í framtíðinni en áður.

Heimsfaraldurinn hefur ýtt okkur út í að innleiða aukinn sveigjanleika í verklag og starfsaðferðir fræðsluskrifstofunnar. Starfsfólk vann á löngum tímum í fjarvinnu og sáum við að það hentar fólki í

einhverjum tilfellum og ákveðnum verkefnum vel. Aukin fjarvinna og aukin rafræn stjórnsýsla og rafræn samskiptatækni gefur okkur enn fremur tækifæri til nýrrar hugsunar.

Samhliða þessum breyttu starfsháttum var lögð áhersla á heilsueflingu og fólk var hvatt til að brjóta upp vinnudaginn með göngutúrum og annarri hreyfingu, standa upp frá tölvuvinnu til að sinna fjölskyldunni og finna þetta gullna jafnvægi á milli vinnu, heilsueflingar og fjölskyldulífs.

Það er erfitt að fullyrða um það hvernig lífið okkar mun þróast eftir heimsfaraldurinn. Okkur hefur verið ýtt út í breytingar á starfsháttum, breytingar sem við kusum ekki endilega sjálf en sjáum nú að ýmsar af þeim er jafnvel ákjósanlegt að halda í.

Uppbygging skóla- og íþróttamannvirkja

Lang umfangsmesta uppbyggingarverkefnið á fræðsluviðinu árið 2020 var án efa flutningur Stapaskóla í nýtt skólahúsnæði. Það má segja að sú vegferð hafi hafist fyrir um fimm árum síðan eða í byrjun árs 2016 þegar settur var á stofn fjölskipaður stýrihópur til að undirbúa hugmyndafræði og hönnun nýs skóla í Dalshverfi. Við lok vinnu hópsins voru til gögn sem lýstu megináherslum í skólastarfinu og lausleg hugmynd að innra fyrirkomulagi þeirrar byggingar sem nú er risin. Útkoman er þessi glæsilegi og framsækni skóli, þar sem umhverfið og skólabyggingin leika veigamikil hlutverk í því að ýta undir fjölbreytt, merkingarbært og skapandi nám.



Mynd 1. Stapaskóli, heildstæður skóli fyrir 18 mánaða – 15 ára, hóf starfsemi í nýju skólahúsnæði haustið 2020.

Nemendum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum í takt við íbúapróun og eru skólar sveitarfélagsins flestir mjög þétt setnir. Brugðið var á það ráð fyrir skólabyrjun í ágúst 2020 að færa eina lausa forsníðna kennslueiningu úr Dalshverfi yfir á lóð Njarðvíkurskóla en þar var þörfin metin mest.

Stærstu framkvæmdaverkefni á sviði íþróttá- og tómstundamála á árinu 2020 voru án efa framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll vestan Reykjaneshallar og endurnýjun á útisvæði Sundmiðstöðvarinnar sem felur í sér fleiri setlaugar, gufubaðsaðstöðu og nýjar rennibrautir.



Mynd 2. Framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll vestan Reykjaneshallar hafa gengið vel.

Umfangsmikil umbótaverkefni

Á fræðsluviðinu er unnið að mörgum umfangsmiklum og spennandi þróunarverkefnum enda sífellt leitað leiða til að gera gott starf betra. Engin vegur er að gera þeim öllum góð skil í ársskýrslu sem þessari en hér á eftir er þó fjallað lítillega um nokkur af þeim helstu sem unnið var að á árinu 2020.

Stöðumat fyrir erlenda nemendur

Unnið var áfram að þróun og innleiðingu á *Stöðumatinu fyrir nemendur af erlendum uppruna* en það er ætlað nemendum sem eru nýkomnir til Íslands og í íslenskt skólakerfi. Stöðumatið hefur þegar verið innleitt í alla grunnskóla Reykjanesbæjar. Stöðumatið miðar að því að byggja á styrkleikum og efla námshæfni nemenda af erlendum uppruna og að bregðast sem fyrst við námsþörfum hvers og eins með snemmtæku mati og markvissri íhlutun á fyrstu stigum skólagöngunnar í nýju landi.

Stöðumatið gefur okkur nákvæmar upplýsingar um stöðu nemandans í læsi (lestri og lesskilningi á sterkasta máli nemandans), læsisreynslu, talnaskilningi og stærðfræði. Stöðumatið veitir einnig upplýsingar um fyrri reynslu, skólagöngu og almenna þekkingu. Markmiðið er að staðsetja nemandann á nákvæmari hátt í námi miðað við fyrri reynslu og þekkingu hans til að kennarar geti betur komið til móts við þarfir nemandans og áhugasvið og hámarkað áframhaldandi nám. Kennarar geta því verið

öruggari með að nemandinn sé hvorki að vinna með of auðvelt eða of erfitt námsefni. Stöðumatið fer fram á því tungumáli sem nemandinn er sterkastur í. Í móttökuvíðtalinu sem fer fram með forráðamönnum nemandans er farið yfir áhugasvið nemandans en þær upplýsingar eru mikilvægar til að sníða námsefnið að áhugasviði hans.

Milli mála

Milli mála er staðlað próf sem lagt er fyrir tvítyngda nemendur sem hafa verið í íslensku málumhverfi í tvö ár eða lengur til að meta stöðu þeirra í námsorðaforða á íslensku.

Allir grunnskólar Reykjanesbæjar hafa innleitt prófið og eru það verkefnastjórar í íslensku sem öðru máli innan skólanna sem halda utan um fyrirlögn þess og úrvinnslu með stuðningi frá verkefnastjóra á fræðslusviði. Markmiðið með notkun prófsins er að meta færni og framfarir tvítyngdra nemenda í íslenskum námsorðaforða. Fyrstu niðurstöður skólanna liggja fyrir og verið er að rýna í þær og bera saman við annað námsmat nemenda innan skólans s.s. lesferil, Orðarún, samræmd könnunarpróf og í íslensku/íslensku sem öðru máli. Þetta er gert í nánu samstarfi við umsjónarkennara og er til að meta hvort samræmi er á milli niðurstaða og til að ákvarða íhlutun fyrir þá nemendur sem það þurfa. Verkefnastjórar innan skólanna ásamt verkefnastjóra á fræðslusviði eru að meta hvort prófið endurspeglar stöðu nemenda almennt miðað við annað námsmat og ef niðurstaðan verður að svo sé mun ÍSAT teymi grunnskóla vinna aðgerðaráætlun sem á að fylgja í kjölfar fyrirlagnar prófsins.

Allir með!

Allir með er eitt umfangsmesta samfélagsverkefnið sem Reykjanesbær hefur hleypt af stokkunum á undanförunum árum. Verkefnið sem er styrkt af félagsmálaráðuneytinu og Ungmennafélagi Íslands er samstarfsverkefni velferðarsviðs og fræðslusviðs og hefur það að markmiði að stuðla að jöfnum tækifærum allra barna til að tilheyra samfélaginu, að öllum börnum líði vel og að vinátta vaxi í gegnum leik og jákvæð samskipti. Verkefnið er enn fremur unnið í samstarfi við íþróttafélög bæjarins sem hafa komið mjög sterk inn í verkefnið og þá leikur fyrirtækið KVAN einnig stórt hlutverk í verkefninu.



Mynd 3. Frá undirritun samnings um samfélagsverkefnið Allir með!

PMTO-foreldrafærni

Haldið var áfram að innleiða *PMTO-foreldrafærni* á árinu 2020. PMTO stendur fyrir *Parent Management Training – Oregon* og er styðjandi uppeldisaðferð sem er ætluð fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi barna. Tveir sérfræðingar á velferðarsviði og einn á fræðslusviði luku á árinu 2020 tveggja ára meðferðarnámi og einnig hafa nokkrir aðrir sérfræðingar lokið grunnenntun í PMTO. Við sjáum fyrir okkur að skipta PMTO-foreldrafærni upp í fimm þjónustubætti og má segja að við séum komin vel á leið með að innleiða þrjá þeirra, PMTO ráðgjöf, PMTO ráðgjöf og eftirfylgni og PMTO einstaklingsmeðferð. Á árinu 2021 er síðan ætlunin að festa þessi vinnubrögð enn betur í sessi ásamt því að bæta við tveimur öðrum þjónustubáttum sem eru PMTO foreldranámskeið og PMTO hópmeðferð.

Mannauður í öndvegi

Ein af áherslum í starfsáætlun fræðslusviðs 2020 var að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skólum. Liður í því var að blása til auglýsingarherferðar í miðjum faraldrinum. Við tókum þá ákvörðun að auglýsa ekki í blöðum heldur nýta fjármagnið í aðra miðla, RÚV, Facebook og Instagram. Við fengum birtingu á RÚV á besta tíma, rétt á undan fundum Almannaþingarinnar og öðrum dagskrárliðum sem höfðu mikið áhorf. Þetta skilaði okkur 485 umsóknum um störf í skólunum okkar sem er algjörlega einstakt á okkar mælikvarða.



Mynd 4. Auglýst var eftir kennurum á RÚV og samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram.

Haustið 2020 var hrundið af stað fagháskólanámi í leikskólafræðum í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og sveitarfélög á Suðurnesjum. Um er að

ræða hagnýtt 60 ECTS eininga starfstengt nám á háskólastigi fyrir leiðbeinendur sem starfa í leikskólum. Mikill áhugi var fyrir þessu nýja námstilboði og skráðu á fimmta tug leikskólaleiðbeinenda sig í námið.

Nýsköpunar- og þróunarsjóður

Í apríl 2020 auglýsti fræðsluvið eftir umsóknum í nýstofnaðan nýsköpunar- og þróunarsjóð sem settur var á laggirnar með það að markmiði að stuðla að nýsköpun, framþróun og öflugu innra starfi í leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar. Áherslupættir fyrir skólaárið 2020-2021 voru *Heilbrigði og velferð, Læsi allra mál og Gæðamenntun fyrir alla*. Fjölmargar umsóknir bárust og varð úr að átján fjölbreytt og áhugaverð skólaþróunarverkefni hlutu styrk úr sjóðnum að þessu sinni.



Mynd 5. Fyrsta úthlutun úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðsluviðs.

Fræðsla og endurmenntun

Boðið er upp á fræðslufundi að jafnaði tvisvar í mánuði yfir starfstíma skóla. Á árinu 2020 voru haldin fjölbreytt fræðsluerindi þar sem reynt var að koma til móts við þarfir skólasamfélagsins. Í ljósi aðstæðna fóru fyrirlestrar og námskeið í flestum tilfellum fram í gegnum fjarlausnir.

Þegar kom að haustráðstefnu fræðsluviðsins sem venjulega er haldin í Hljómahöllinni í ágúst á hverju ári, þá var brugðið á það ráð að taka upp erindin og miðla þeim í gegnum „Workplace“. Á ráðstefnunni sem bar yfirskriftina *Menntun í krafti fjölbreytileikans: skóli heilbrigðis og velferðar, framsækni og nýsköpunar* voru meðal annars tveir erlendir fyrirlesarar, Jesse Lubinsky sem fjallaði um nýsköpun og Jeff Heil sem fjallaði um skólamenningu. Mikil ánægja var með framkvæmdina sem og efni ráðstefunnar meðal starfsfólks skólanna.

Fræðsluskrifstofan heldur enn fremur utan um reglulega samráðsfundi skólastjórnenda á báðum skólastigum, á leik- og grunnskólastiginu. Sá vettvangur er mikilvægur í starfsþróuninni þar sem

stjórnendur skiptast á hugmyndum og læra hver af öðrum í anda lærdómssamfélagsins. Þeir fundir fóru að sjálfsgöðu flestir fram á netinu í ljósi aðstæðna eins og þegar hefur verið lýst.


Skólaþjónustan

Stöðugt hefur verið unnið að því að þróa og bæta verklag skólaþjónustunnar á undanförunum árum. Í tengslum við innleiðingu nýrrar *Gæðahandbókar* voru verkferlar endurskoðaðir og nýir búnir til en sú vinna mun örugglega skila okkur í enn betri og skilvirkari þjónustu í framtíðinni. Unnið var jafnframt að því að útbúa eyðublöð þannig að fylla megji þau út rafrænt og í tengslum við það tókum við upp lausnir sem gera okkur og þjónustuaðilum okkar kleift að senda skjöl með öruggum hætti á milli fólks og einnig til rafrænnar undirritunar.

Heimfaraldurinn hafði margvísleg áhrif á skólaþjónustuna eins og áður hefur verið vikið að en starfsfólk var þrátt fyrir krefjandi aðstæður mjög lausnamiðað í að finna leiðir til að leysa fjölbreytt verkefni með áragursríkum hættti. Starfsfólk skólaþjónustunnar nýtti hinar ýmsu fjarlausnir til að halda námskeið, vera aðgengilegt fyrir starfsfólk skólanna, foreldra og nemendur og útbúin voru góð ráð fyrir foreldra barna og ungmenna til að viðhalda reglu og rúttinu á óvissutíma.

Samningur fræðsluviðs Reykjanesbæjar við Suðurnesjabæ um skólaþjónustu rann út í lok júní 2020 og gegnir skólaþjónustan því nú eingöngu hlutverki gagnvart skólaförunum í Reykjanesbæ auk þess að veita sálfræðiþjónustu fyrir nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Fjöldi tilvísana til skólaþjónustunnar voru alls 251 á skólaárinu 2019-2020 og hafði þeim fækkað um 48 á milli skólaára. Flestar tilvísanir eru sem fyrr vegna sálfræðiþjónustu eða 47%. Við lok skólaársins 2019-2020 voru 123 börn á bið eftir athugun skólaþjónustu eða 13 börnum færri en árið áður. Jákvæð þróun hefur verið undanfarin ár þar sem börnum á bið hefur fækkað um 21% síðustu þrjú árin og er hlutfallsleg fækkun á tímabilinu frá skólaárinu 2014/2015 til skólaársins 2019/2020 30%.



Mynd 6. Fjöldi barna sem bíða eftir athugun skólaþjónustu.

Markmið og árangursmælikvarðar

Til að þróa og bæta þjónustu sviðsins er mikilvægt að sett séu mælanleg markmið og fylgst sé reglulega með árangri. Á eftirfarandi skortöflu má sjá yfirlit yfir nokkra valda árangursmælikvarða sem stuðst er við á fræðsluviðinu.

Váð	Hvað viljum við vita?	Hvernig mælum við það?	Hvaða mælikvarða notum við?	Hvar sækjum við gögnin?	Hve oft er mælt?	Markmið/viðmið	Niðurstaða 2017	Niðurstaða 2018	Niðurstaða 2019	Niðurstaða 2020
Gæð þjónustu og menntun	Hvernig er viðhorfið til þjónustunnar?	Ánægja nemenda af lestri	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	4,8	5,0	4,6	4,4
		Áhugi nemenda á starðfr.	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	5,2	5,4	5,2	5,0
		Ánægja nemenda af náttúrufræði	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	5,2	5,3	5,2	5,0
		Ánægja foreldra með nám og kennslu (grunnsk.)	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,3	x
		Ánægja foreldra með stjórnun skóla (grunnsk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	94,4%	x	93,5	x
		Ánægja foreldra með leikskólann	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	92,5%	x	91,2%
		Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi (leiksk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	92,1%	x	92,8%
	Ánægja barnsins í leikskólanum	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 95%	x	94,8%	x	95,7%	
	Hæfilegur fjöldi barna á deild (leiksk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	91,6%	x	92,0%	
	Hver er árangurinn, t.d. námsárangur?	Samr. próf - 4. b. ís/stæ	0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	29,9/35,1	26,4/29,3	26,6/30,4	28,4/31,2
Samr. próf - 7. b. ís/stæ		0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	28,9/31,5	27,4/29,0	26,6/28,2	26,8/30,5	
Samr. próf - 9. b. ís/stæ/ens		0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	28/28/29,4	x/x/29,0	29,6/29,3/29,5	28,1/29,0/28,8	
Heilbrigði og velferð	Hvernig er líðan barna og ungmenna?	Upplifun grunnskólanem. m.t.t. 6 vellíðunarþátta	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	4,8	5,0	4,4	4,4
	Líðan grunnskólanemenda í skólanum að mati foreldra	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	91,5%	x	90,1	x	
	Hvernig er öryggi barna og ungmenna háttað?	Upplifun grunnskólanem. m.t.t. 6 þátta um einelti	0-10	Skólavogin	Árlega	≤ 5	5,3	5,1	5,6	5,6
	Hvernig er þátttaka í íþróttum (tómstundum)?	Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 70%/60%	70,4%	x	59,9	x
	Tíðni hreyfingar (Zsvar í viku eða oftar)	Hlutfall	Skólavogin	Árlega	≥ 45%	40,1%	43%	38%	42%	
Hvernig er mataræði barna háttað?	Ánægja foreldra með mótuneyti í grunnskólum	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 80%/70%	81,5%	x	85,9	x	
Mannauður	Hvernig er viðhorf starfsfólks til starfsins?	Starfsánægja í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,4	x
		Starfsánægja í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,7	x
		Starfsandi í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	6	x	5,3	x
		Starfsandi í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,8	x
		Viðhorf starfsfólks til stjórnunar í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,3	x
		Viðhorf starfsfólks til stjórnunar í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,5	x
		Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,9	x	5,2	x
Ánægja með kennarastarfið	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,5	x	5,2	x		
Góð nýting fjármuna	Er rekstur innan fjárheimilda (FRÆ 04)?	Rekstramiðurstaða m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,5%	99,4%	99,9%	99,1%
		Tekjur m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≥ 100%	109,4%	112,7%	130,5%	88,1%
		Launakostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	101,2%	100,3%	103,6%	99,9%
		Rekstrarkostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,7%	99,6%	97,2%	96,1%
	Er rekstur innan fjárheimilda (ÍT 06)?	Rekstramiðurstaða m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	98,8%	101,1%	99,1%	98,3%
		Tekjur m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≥ 100%	105,2%	107,4%	110,4%	100,9%
		Launakostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,1%	100,8%	99,2%	102,6%
		Rekstrarkostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,8%	103,4%	102,9%	97,6%

Mynd 7. Nokkrir valdir árangursmælikvarðar sem stuðst er við á fræðsluviðinu.

Lokaorð

Í ársskýrslu þessari er gerð tilraun til að draga fram nokkur af helstu verkefnum fræðslusviðsins á árinu 2020. Það ber þó að ítreka að upptalningin er langt frá því að vera tæmandi yfir öll þau fjölbreyttu og mikilvægu verkefni, lítil sem stór, sem unnin eru úti í stofnunum fræðslusviðsins.

Árið 2020 færði okkur öllum í fang krefjandi verkefni og aðstæður sem ekkert okkar hefur áður staðið frammi fyrir. Það reyndi ekki síst mikið á stjórnendur og starfsfólk fræðslusviðsins sem stóðst hverja áskorunina á fætur annarri með samstöðu, samhug og jafningjastuðning að leiðarljósi. Ég er afar stoltur af þeim mikla mannauði sem við höfum og vil færa öllu okkar frábæra starfsfólki þakkir fyrir að vera svona lausnamiðað, fullt af orku og eldmóði, umburðarlynt og æðrulaust í fordæmalausum og krefjandi aðstæðum.

Ég vil einnig þakka bæjarstjóra og framkvæmdastjórn fyrir farsælt samstarf, öflugan stuðning og góða samstöðu. Að endingu vil ég þakka bæjarfulltrúum og fulltrúum í fræðsluráði og íþrótt- og tólmstundaráði fyrir ánægjuleg og árangursrík samskipti. Framundan eru bjartir tímar. Ég hlakka til að starfa áfram með ykkur að áhugaverðum og mikilvægum verkefnum, okkar fjölbreytta og kraftmikla samfélagi til heilla.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS